

## **210. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 02.11 2011 kl. 13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.**

Mættir; SBB, SvB, FH, IGG, JS, BKr, GBr í síma.

Gestir: EJ form BSRB, HJ framkvstj BSRB, HÖ hagfræðingur BSRB.

Boðuð forföll: Eggert Karvelsson,

### **1. Heimsókn formanns, framkvæmdastjóra og hagfræðings BSRB**

Elín Björg Jónsdóttir formaður, Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Hilmar Ögmundsson hagfræðingur BSRB hafa verið að heimsækja stjórnir aðildarfélaganna til að hlusta og upplýsa.

Áhersluatriði BSRB til 3 ára koma fram í samþykktum á síðasta Ársþingi BSRB.

Á nýlegum vinnufundi stjórnar BSRB var m.a. farið í gegn um hvernig mætti virkja stjórn BSRB betur. Fram komu mismunandi áherslur um hlutverk aðildarfélaganna annarsvegar og BSRB hinsvegar. Ákveðið að gera bækling til að skilgreina verksviðið og hvað betur mætti fara. Það er hlutverk aðildarfélaganna að þjónusta félagsmenn og BSRB á síðan að þjónusta aðildarfélögin. Hægt er senda Ffyrirspurnir í gegn um vefsíðu BSRB, auk þess er veitt lögfræðiþjónusta í gegn um síma og tölvupóst. BSRB telur að það þurfi að styrkja aðildarfélögin og starfsmenn þeirra til að þau geti þjónustað félagsmenn sem best. BSRB hefur hagrætt í rekstri og fækkað starfsfólki. Næsta þing BSRB verður 10. –12. október 2012. Umræður um vinnu við ályktanir, hvernig á forvinnan að vera.

Aðildargjaldumræða innan BSRB. EJ fer yfir aðdraganda málsins. LSS ítrekar óánægju með tillögu 4, sem snýst um að taka ákveðna prósentu af heildarlaunum.

### **Kl. 14:00**

### **2. Fundargerð síðasta fundar.**

Sp

### **3. Inntaka nýrra félaga**

Engin umsókn.

### **4. Aðalfundur BSRB**

Farið yfir gögn frá aðalfundi. Á fundinum tók framkvæmdastjóri LSS upp umræðu um tillögur frá aðildagjaldanefnd. Þar þýðir tillaga no. 4 að þeir sem borgi mest per haus í dag, muni hækka mest. LSS er að greiða (árið 2009) 10.252 per haus upp í 15.807kr.

### **5. Sjúkraflutningar**

Umræður um sjúkraflutninga; nýja skýrslu og fréttir af kostnaði Rauða krossins.

Kjaraviðræður eru í gangi við ríkið.

### **6. Starfsmat**

Vinnan gengur hægt. Starfslýsingar vantar frá slökkviliðunum. SÍS mun ekki keyra starfsmatið fyrr en allir hafa skilað.

### **7. Reglugerð um flugvelli**

IRR sýndi form og framkvstj drög að nýju reglugerðinni. Hún hefur aðeins skánað, með tilliti til fagmenntunar. Form og framkvstj áttu fund með ráðherra í morgun til að lýsa yfir áhyggjum og reyna að fá fram breytingar.

### **8. Fulltrúaráðsfundur 07. 12.**

Stjórnarfundur kl. 13:00 og Fulltrúaráðsfundur kl. 15:00.

## 9. Ársþing 2012

Ákveðið að ársþing LSS 2012 verði 13. og 14. Apríl í Lágmúla.

## 10. Önnur mál:

### a) **Starfslokasamningar**

LSS gekk frá þrem starfslokasamningum hjá Akureyrarbæ. Félagsmenn sátir.

### b) **Aðgegni að nýju sjúkrahúsi.** Umræður. LSS telur aðgengið slæmt fyrir sjúkraflutninga.

### c) **Viðskiptabanki LSS, (Arion, Íslandsbanki, Byr). SP**

Ákveðið að færa bankaviðskiptin úr Arion og Íslandsbanka yfir í MP banka um áramótin. Við bankahrúnið urðu breytingar á viðskiptabönkunum. Ákveðið að samþykkja tilboð um betri kjör og fækka um einn banka.

### d) **Ályktun frá BS.**

Lögð fram ályktun frá starfsmönnum BS þar sem þeir hafa áhyggjur af að fjárskortur dragi úr öryggi.

**Kl. 15:48**